

Byggingafultrúi Reykjanesbæjar
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Mótt.	23.04.2021
Lykill	11.03.03
Málsnr.	2020110238
Ábm.	SB

Efni: Andmæli við afgreiðslu umhverfis og skipulagsráðs nr.2020110238 þann 19.mars 2021

Um er að ræða þinglýsta erfðafestulóð, hér eftir nefnd lóð, á Borgarvegi 24. Á þessari lóð hefur Reykjanesbær á einhverjum tímapunkti gert afrein og tekið undir það um fjórðung af suðurlóð Borgarvegar 24. Þessi afrein þjónar engum tilgangi í dag og hefur í raun ekki gert frá því að núverandi hringtorg var gert. Afreinin hefur verið ónotuð allan þann tíma sem ég hef átt lóðina og er hún ekki einu sinni rudd á veturna.

Ekki finnast þinglýstir samningur, né aðrir samningar, við lóðahafa og verður því að byggja á fyrirliggjandi þinglýstum gögnum um stærð og staðsetningu lóðar.

Markmið mitt og ástæða fyrir ósk um að Reykjanesbær skili lóðinni er að til stendur að fara í verulegar endurbætur á Borgarvegi 24 ásamt lóð á næstu árum og ekki síst að gera suðurgarðinn að sælureit hússins enda ekki um annan stað við húsið til að dreifa. Nú þegar er búið að leggja í töluverðan kostnað við að teikna upp húsið og breytingar þar á meðal breytingar á suðurlóð.

Ákvörðun umhverfis og skipulagsráðs þann 19. Mars 2021 kom mér verulega á óvart þar sem Reykjanesbær fyrirhugar framkvæmdir við mögulega tvöföldun hringtorgs og telja að þeir þurfi mína lóð til þess verks sem mun ekki aðeins eyðileggja fyrirhugaðan suðurgarð og grafa undan ávinningi af endurbótum heldur verðfella húsið verulega ef af þessum framkvæmdum verður.

Engin gögn fylgja þessari afgreiðslu sem styðja þessa mögulegu framkvæmd við tvöföldun hringtorgs og á þann veg að um ríka almannahagsmuni sé að ræða.

Einföld skoðun á umfangi mögulega fyrirhugaðs hringtorgs er að hringtorgið er ekki bara að tvöfaldast vegna tveggja akreina heldur fjórfaldast umfang hringtorgsins frá því sem nú er einfaldlega vegna þess að nú þarf að koma fyrir samhliða á báðum akreinum hringtorgsins stærstu gerð farartækja sem verða að getað athafnað sig á eini akrein af tveimur.


Út á Fitjum er hringtorg með tveimur akreinum en það hringtorg er með radíus um 30m og er því um 2.800fm (πr^2) á meðan umrætt hringtorg við Borgarveg er með radíus 15m og er um 700fm. Eigi að gera hringtorg af svipaðri stærð og á Fitjum við Borgarveg þá sést það strax að slíkt er ekki framkvæmanlegt nema leggja undir sig hús og lóðir langt umfram umrædda afrein.

Gera má faslega ráð fyrir að lagning tveggja akreina hringtorgs og væntanlega auknum umferðarþunga í gegnum íbúðarhverfið með tilheyrandi fjórföldun á umfangi hringtorgs eigi erindi við íbúa enda mun mögulegur framkvæmd skera hverfið en frekar í tvennt og auka umferð með tilheyrandi hættu fyrir gangandi vegfarendur og þá sérstaklega börn og unglingsa sem þurfa að ferðast yfir þessa tilvonandi mögulegu framkvæmd til að sækja skóla og íþróttastarf.

Ég fer fram á að Reykjanesbær fjarlægi einfaldlega umrædda afrein sem fyrst.




Mynd 1 - Afstöðumynd sýnir staðsetningu núverandi einnar akreinar hringtorgs og guli bletturinn framan við Borgarveg 24 sýnir þá afrein sem um ræðir. Eins og sjá má á hraðamerkingum (30) þá eru þetta íbúagötur með mikilli umferð gangandi barna og ungmenna sem sækja skóla og íþróttastarf í hverfinu. Eins má sjá að hús nr. 21 liggur mun nær núverandi hringtorgi en míni eign.



Mynd 2 – Til eru aðrar mögulegar lausnir á umferðarþunga í gegnum íbúðar- og skólahverfið heldur en aukin umferðarþungi með tvöföldu hringtorgs við Borgarveg. Sem dæmi þá mætti dreifa umferð, sem á jafnvel ekkert erindi í íbúðarbyggðina, beggja vegna meðfram hverfinu með tilheyrandi hljóðmönnum ásamt núverandi leið inn í hverfið. Þessi útfærsla dregur úr umferðarþunga í gegnum hverfið og eykur öryggi gangandi vegfarenda.



Mynd 3 – Stærðarmunur á tvöföldu hringtorgi á Fitjum og einföldu hringtorginu við Borgarveg er um fjórfaldur.



Mynd 4 – Mögulegt umfang mögulegs hringtorgs. Radíus er 30m, eins og á hringtorginu á fitjum en þá bara verið að tala um akreinar en ekki öryggissvæði. Ekki verður séð hvernig koma á þessu ferlíki, sem tvöfalt hringtorg er í raun, fyrir á núverandi stað enda byggir afgreiðsla málsins á engum gögnum sem gætu útskýrt þetta.

